



UMHVERFIS
STOFNUN

Goðafoss

Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

Aðgerðaáætlun 2023 - 2025

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo verndargildi Goðafoss haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunar um framtíðarsýn hins friðlýsta svæðis. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hins vegar aðgerðir til næstu þriggja ára í senn, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega, meðal annars í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.



Árlegar eða reglulegar aðgerðir

Landsáætlun um uppbyggingu innviða

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um Goðafoss

Árlegar - reglulegar aðgerðir

- Umhverfisstofnun fylgist með ástandi innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- Árlega verði gönguleiðir ástandsskoðaðar.
- Árlega verði vakt að hvort framandi ágengar tegundir hafa borist inn á svæðið og þær fjarlægðar.
- Landvörður skal vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og skrá það í dagbók landvarða og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- Uppfæra skal öryggisáætlunina annaðhvert ár.

Aðgerðir skv. Landsáætlun um uppbyggingu innviða

- Ný upplýsinga- og fræðsluskilti unnin.
- Kort af svæðinu verði uppfært.
- Áætlun um þörf á fræðslu og upplýsingaskilti unnin.
 - Gerð verði skilti með upplýsingum um hættur á svæðinu.
 - Athugað verði sérstaklega öryggi og merkingar með tillit til vetrarumferðar.
 - Upplýsingar um að fólk skuli taka allt rusl af svæðinu verði skýrar á upplýsingaskiltum innan hins friðlýsta svæðis.
 - Kort af svæðinu verði uppfært með upplýsingum um skilgreindar reiðleiðir innan náttúruvættisins.
- Sett verði upp gerði að vestan í samræmi við nýja reiðleið áður en farið er yfir brúna.
- Ný reiðleið meðfram þjóðveginum og vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hróteyjarkvísl.
- Koma upp stæði fyrir reiðhjól.

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um Goðafoss

Fræðsla

- Fræðsluáætlun unnin.
- Lokun á villustígum
- Umhverfisstofnun skilgreini ábyrgðaraðila að göngubrúnni í samráði við sveitarfélag og Vegagerðina.
- Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar verði staðfærð fyrir Goðafoss.
- Stígur næst fossinum að vestan verði skoðaður með tilliti til öryggisráðstafana.
- Heimasíða um svæðið verði uppfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun vinni fræðsluáætlun, hvar skilti eiga að vera o.s.frv í samræmi við áætlun um skiltagerð.



UMHVERFIS
STOFNUN